



Forsætisnefnd
Ráðhús Reykjavík

Efni: Auka aðgengi grunnskólanemenda að getnaðarvörnum og fjölbreyttri kynfræðslu

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 7. nóvember 2022 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 10. febrúar 2022, um svohljóðandi tillögu Jökuls Jónssonar, fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, sem á fundi borgarstjórnar 8. febrúar 2022 var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. september 2022:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að tryggja aðgang grunnskólanemenda að getnaðarvörnum og fjölbreyttri kynfræðslu. Miða skal við að tryggja aðgang að getnaðarvörnum eins fljótt og hægt er og að kynfræðsla verði aukin frá og með hausti 2022.

Greinargerð fylgdi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að smokkar verði aðgengilegir fyrir unglunga í öllum félagsmiðstöðvum Reykjavíkur frá ársbyrjun 2023. Áfram verði unnið að því að efla kynfræðslu og að fleiri grunnskólar komi inn í verkefni um alhliða kynfræðslu sem hefur verið í gangi í nokkrum skólum í Reykjavík sl. ár.

Tillagan var samþykkt.

Jökull Jónsson, Sigríður Erla Borgarsdóttir, Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir taka sæti fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihluta skóla- og frístundaráðs þakka fyrir tillöguna frá fulltrúum í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að auka aðgengi nemenda að getnaðarvörnum og auka kynfræðslu í grunnskólum. Áfram verði unnið að því að efla kynfræðslu og að fleiri grunnskólar komi inn í verkefni um alhliða kynfræðslu sem hefur verið í gangi í nokkrum skólum í Reykjavík síðastliðin ár. Samþykkt hefur verið að smokkar verði aðgengilegir fyrir unglunga í öllum félagsmiðstöðvum Reykjavíkur frá ársbyrjun 2023.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Greinargerð, dags. 6. september 2022



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að tryggja aðgengi nemenda að getnaðarvörnum og fjölbreyttri kynfræðslu í grunnskólum

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 8. febrúar 2022 var samþykkt að vísa eftirfarandi tillögu til skóla- og frístundaráðs.

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að tryggja aðgang grunnskólanemenda að getnaðarvörnum og fjölbreyttri kynfræðslu. Miða skal við að tryggja aðgang að getnaðarvörnum eins fljótt og hægt er og að kynfræðsla verði aukin frá og með hausti 2022.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Í Reykjavík er tilraunaverkefni varðandi alhliða kynfræðslu búið að vera í gangi í þrjú ár. Verkefnið byrjaði í Foldaskóla og Seljaskóla en nýlega bættust Norðlingaskóli, Réttarholtsskóli, Hagaskóli og Ingunnarskóli við. Verkefnið byggir á hugmyndum um alhliða kynfræðslu og er kynfræðsluteymi skipað kennurum, skólahjúkrunarfræðingi og starfsfólki félagsmiðstöðvar (í flestum tilvikum forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður) sem kemur inn í bekkina með fræðslu. Þeir árgangar sem fá fræðslu fá a.m.k 12 kennslustundir yfir veturinn sem fagaðilarnir skipta á milli sín. Viðkomandi fagaðilar skipta auk þess á milli sín áhersluatriðum kynfræðslunnar, þó þau skarist einnig að mörgu leyti. Á fyrsta ári fer kennsla fram á unglingastigi, á öðru ári á miðstigi og unglingastigi og á þriðja ári á öllum aldurstigum grunnskólans. Ekki allir árgangar fá 12 kennslustundir á ári en fjöldi kennslustunda eykst með hækkandi aldri. Að loknu þriggja ára tilraunaverkefni á að vera orðin til samfelld kynfræðslukennsla frá yngsta stigi upp í unglingstig þar sem stöðugt er byggt ofan á þekkingu nemenda með aldursmiðaðri nálgun.

Í kynfræðsluverkefninu er unnið út frá hugmyndum um alhliða kynfræðslu og er unnið út frá skilgreiningum UNESCO (2018).

Alhliða kynfræðsla:

“veitir börnum og ungu fólki smám saman upplýsingar, færni og jákvæð lífsgildi til að skilja og njóta sín sem kynverur, eiga öruggt og gefandi kynferðislegt samband og taka ábyrgð á eigin kynheilbrigði og vellíðan jafnt sem annarra” .

Með því að bjóða upp á alhliða kynfræðslu skal veita fræðslu um alla neðangreinda efnisþætti, en undir hverjum og einum þeirra eru mörg áhersluatriði sem í sameiningu ná nokkuð vel yfir kynheilbrigði og kynverund manneskjunnar.



- Að skilja kyn, kynímyndir og kynhlutverk
- Gildi, réttindi, menning og kynferði
- Heilsa og velferð
- Kynferði og kynferðisleg hegðun
- Kynlíf, kynheilbrigði og æxlun
- Mannlíkaminn og þroski
- Samskipti og sambönd
- Öryggi og ofbeldi

Ýmsar hindranir hafa komið í veg fyrir að tilraunaverkefnið hafi náð fótfestu í nokkrum skólum og má þar helst nefna heimsfaraldur Covid-19. Fyrir vikið hefur tilraunátíminn lengst. Enginn skóli hefur óskað eftir því að fá að fella verkefnið niður og hefur almennt ríkt mikil ánægja með verkefnið og vilji til að halda áfram. Mikilvægt er að skýr skilaboð frá skóla- og frístundaráði og frá yfirmönnum á skóla- og frístundasviði berist til stjórnenda í öllum grunnskólum og félagsmiðstöðvum borgarinnar um að taka upp alhliða kynfræðslu byggða á tilraunaverkefninu.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði starfshóp í byrjun árs 2021 til að leggja fram tillögur að úrbótum í kynfræðslu- og ofbeldisforvarnarmálum á Íslandi. Starfshópurinn benti á að til þess að bæta kynfræðslu í heild á landinu þarf margt að koma til, bæði breytingar á aðalnámskrá og viðmiðunarstundaskrá, meira úrval náms- og kennsluefnis fyrir yngsta- og miðstig en einnig betri menntun kennara á þessu sviði. Starfshópurinn lagði fram ýmsar tillögur til úrbóta og m.a. benti hópurinn á að tilraunaverkefni borgarinnar væri góð leið til að auka kynfræðslu og lagði til að verkefnið yrði notað sem fyrirmynd fyrir sambærileg verkefni um land allt bæði í grunn- og framhaldsskólum.

Jafnréttisskóli Reykjavíkur hvetur allt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi til að veita kynheilbrigði og kynfræðslu bæði tíma og athygli. Jafnréttisskólinn, í samstarfi við ýmsa aðila heldur hátíðlega upp á Vika6 sem er árlegt vikulangt átak þar sem kynheilbrigði ungs fólks er sett í forgang. Á hverju ári kjósa unglingarnir í borginni um þema og í ár 2022 var þemað Kynlíf og menning. Í tilefni af Vika6 lætur Jafnréttisskólinn útbúa fræðsluveggspjöld sem send eru í alla skóla og félagsmiðstöðvar borgarinnar ásamt smokkum fyrir elstu nemendurna, framleidd eru stutt fræðslumyndbönd sem birtast bæði á vef borgarinnar sem og á UngRÚV og fræðslumolar eru settir daglega á instagram #vika6_island í vika6. Í febrúar sl. var boðið upp á opinn Teams fund um kynfræðslu þar sem kennarar gátu komið inn á fundinn með bekknum sínum og sátu um 1600 nemendur þann fund, bæði nemendur í borginni og gestir frá öðrum sveitarfélögum. Verkefnastýra Jafnréttisskólans tók einnig saman bæði kennsluhugmyndir og kynfræðsluefni sem starfsfólki stóð til boða að nota við undirbúning vika6. Vika6 hefur stækkað jafnt og þétt síðastliðin ár og hafa m.a. ýmis sveitarfélög óskað eftir samstarfi auk Samfés, Samtakanna '78 og fleiri. Allar félagsmiðstöðvar borgarinnar taka þátt í Vika6 og fjölmargir grunnskólar. Vika6 er mikilvægt átak sem minnir stjórnendur og starfsfólk á að sinna kynheilbrigði barna og unglinga og gefur einnig unga fólkinu skilaboð um mikilvægi þess að ávarpa málefnið.

Segja má að á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar sé jafnt og þétt verið að auka kynfræðslu til nemenda á markvissan og skipulagðan hátt. Gæta þarf að því að starfsfólk sem sinnir fræðslunni hafi fengið þjálfun og hafi aðgang að stuðningi og ráðgjöf. Einnig þarf að tryggja að gott framboð sé á kynfræðsluefni fyrir allan aldur. Verið er að safna saman því kennsluefni sem til er og í samráði við Menntamálastofnun er verið að þýða og gefa út nýtt efni. Á sumarsmiðjum kennara er boðið upp á kynfræðslunámskeið fyrir kennara og veturinn 2022-2023 verður Lærdómssamfélag um kynfræðslu í gangi á vegum Jafnréttisskólans.

Varðandi aðgengi að getnaðarvörnum þá hefur sú ábyrgð legið á herðum ríkis en ekki sveitarfélaga. Samkvæmt lögum um ráðgjöf og fræðslu um kynlíf og barneignir ber



heilbrigðisráðuneytið ábyrgð á því að auðvelda almenningi aðgengi að getnaðarvörnum m.a. með því, að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1975025.html>. Í tilraunaverkefni um alhliða kynfræðslu er þó boðið upp á aðgengi að smokkum og hefur það gefist vel. Einnig hefur borgin boðið upp á fríar tíðavörur frá hausti 2021 og hefur það einnig gefið góða raun. Áhyggjur af því að smokkar og tíðavörur yrðu uppi um alla veggj skólanna hafa ekki raungerst. Flestar félagsmiðstöðvar borgarinnar hafa boðið unglingum upp á smokka þeim að kostnaðarlausu af og til og mætti vel skoða að festa það í sessi, að unglingar geti öruggir leitað þangað eftir smokkum. Aðeins heilbrigðisstarfsfólk með réttindi til að framvísa hormónagetnaðarvörnum má gera slíkt og því gæti aðgengi að slíkum vörnum ekki átt sér stað innan skólanna. Ef skoða á hvort skólahjúkrunarfræðingar geti framvísað slíkum vörnum þyrfti að eiga samtál við forystu skólaheilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um það. Lagt er til að keyptir verði smokkar og þeir gerðir aðgengilegir í öllum félagsmiðstöðvum borgarinnar. Áætlaður kostnaður er um 350.000 krónur á ári.